

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

40. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026

Árið 2026, föstudaginn 9. janúar kl. 8:30, var haldinn 40. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Jónas Ólafur Skúlason, Aníta Björk Pálínudóttir, Eiríkur Valgeir Scott og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 40. fund sveitarstjórnar

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.

Sveitarstjóra falið að skoða öryggisvöktun tölvukerfis með þeim aðilum sem sveitarstjóri hefur verið í sambandi við. Leita tilboða í þá þjónustu og ganga frá samningi.

Varðandi frumvarp í samráðsgátt - Drög að frumvarpi um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (markmið, kostnaður o.fl.) og um breytingu á lögum um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála (umsjón framkvæmda) sem varðar m.a. dvöl á hættusvæðum vegna ofanflóðahættu var málið tekið fyrir. Sveitarstjórn leggur til að skoðuð verði umsögn sveitarfélagsins.

2. Byggðakvóti Súðavíkurhrepps 2025/2026

Sveitarstjórn leggur til að úthlutun verði til sjóstangveiði af byggðakvóta Súðavíkurhrepps og úthlutun verði öll til Iceland Sea Angling, bæði úthlutun ársins og fyrningar – samtals 60 þorskígildistonn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10

Aníta Björk Pálínudóttir

Aníta Björk Pálínudóttir

Bragi Þór Thoroddsen

Bragi Þór Thoroddsen

Jónas Ó. Skúlason

Jónas Ólafur Skúlason

Eiríkur Valgeir Scott

Eiríkur Valgeir Scott

Kristján Rúnar Kristjánsson

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti